



Lúxemborg, 3 október 2007

FRÉTTATILKYNNING 06/2007

Dómur í máli E-1/07 – Beiðni um ráðgefandi álit frá Fürstliches Landgericht í Liechtenstein í sakamáli sem þar er rekið – Ákærvaldið gegn A

EES-RÉTTUR HEFUR EKKI AÐ GEYMA REGLUR UM BEIN RÉTTARÁHRIF OG FORGANG EES-REGLNA GAGNVART LANDSRÉTTI EINS OG ÞÆR SEM GILDA Í RÉTTI EVRÓPUBANDALAGSINS

Með dómi sem kveðinn var upp í dag, gaf EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um tvær spurningar sem honum bárust frá *Fürstliches Landgericht* í Liechtenstein í tengslum við sakamál sem rekið er fyrir þeim dómstól.

Fyrri spurningin laut í aðalatriðum að því hvort 1. mgr. 36. gr. EES um frjálsa þjónustustarfsemi og tilskipun ráðsins 77/249/EEC frá 22. mars 1977 um að auðvelda lögmönnum að neyta réttar til að veita þjónustu, sem vísað er til í 2. lið VII. viðauka við EES samninginn, útloki að samningsríkin krefjist þess, í tengslum við málarekstur fyrir dómi, að lögmaður frá öðru EES-ríki veiti þjónustu sína í samvinnu við lögmann sem hefur réttindi til starfans í viðkomandi ríki. Í svari EFTA-dómstólsins kemur fram að það sé andstætt 1. mgr. 36. gr. EES og framangreindri tilskipun að gera slíka kröfu í tilvikum þar sem ekki er skylt að lögmaður sé í fyrirsvari.

Seinni spurningin varðaði það álitaefni hvort EES-samningurinn hafi að geyma reglu þess efnis að tilskipun sem er hluti af samningnum hafi bein réttaráhrif og gangi framar landsréttarreglum sem ekki leiða EES-reglu réttilega í landsrétt. EFTA-dómstóllinn taldi svo ekki vera.

Í úrlausn dómstólsins kemur fram að EES-samningurinn feli í sér ákveðin úrræði og kerfi til að ná fram markmiðum samningsins. Í því sambandi vísar dómstóllinn til 7. gr. EES-samningsins og bókunar 35 við hann. Hann tekur jafnframt fram að dómstólum samningsríkjanna beri að skýra landsrétt, einkum og sér í lagi ákvæði sem er ætlað að innleiða EES-reglur, eins og kostur er í samræmi við EES-rétt. Samkvæmt því beri dómstólum samningsríkjanna að beita þeim skýringaraðferðum sem viðurkenndar eru að landsrétti eins og kostur er, til að ná fram sömu niðurstöðu og viðkomandi EES-reglu er ætlað að ná.

EFTA-dómstóllinn tekur fram, með vísan til fyrra dóma dómstólsins, að það leiði af 7. gr. EES-samningsins og bókun 35 að EES-samningurinn feli ekki í sér framsal löggjafarvalds. Af því leiði að EES-réttur geri ekki kröfu til þess að einstaklingar og aðilar í atvinnurekstri geti byggt beinan rétt fyrir dómstólum samningsríkis á ákvæðum EES-réttar sem ekki hafi verið leidd í landsrétt. Dómstóllinn telur að þetta eigi við allar reglur EES-réttar, þ.m.t. ákvæði tilskipunar eins og þeirrar sem á reyndi í málinu. Þetta feli það í sér að EES-réttur geri ekki kröfu um að EES-regla gangi framar andstæðri

landsréttarreglu, þar með talið landsréttarreglu sem ekki leiði EES-reglu réttilega í landsrétt.

EFTA-dómstóllinn tekur einnig fram að þegar reglur landsréttar og EES-réttar sem ekki hafi verið leiddar í landsrétt rekast á, sé það á valdi samningsríkjanna að ákveða hvort réttarkerfi þeirra feli það í sér að stjórnvöld og dómstólar geti beitt viðkomandi EES-reglu beint, og þar með komið í veg fyrir að brotið sé gegn EES-samningnum í ákveðnu tilviki. Jafnframt sé það samningsríkjanna að ákveða hvaða stjórnvöld og dómstólar hafi slíkt vald. Hins vegar skuldbindi EES-samningurinn samningsríki til að innleiða tilskipanir réttilega í landsrétt jafnvel þótt þau hafi tekið upp í réttarkerfi sitt reglur um bein réttaráhrif EES-reglna og forgang þeirra gagnvart landsrétti.

Að auki bendir EFTA-dómstóllinn á önnur úrræði sem eigi að tryggja að markmið EES-samningsins náist og nefnir í því sambandi regluna um skaðabótaábyrgð ríkisins og heimildir Eftirlitsstofnunar EFTA til að höfða mál fyrir EFTA-dómstólnum vegna sammingsbrota.

Dóminn í heild sinn er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.lu

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.